

# UM HELGINA

## Tónlist


### Oddi og Breiða- bólsstaður í Rangárfingi

MARGRÉT Bóasdóttir sópransöngkona og Chalumeaux-tríóid halda tvenna tónleika í Rangárfingi á næstunni. Þeir fyrri verða í Odda-kirkju sunnudaginn 15. nóvember kl. 15.00 og þeir síðari að Breiðabólsstað í Fljótshlíð miðvikudagskvöldið 18. nóvember kl. 21.00.

Á efnisskrá tónleikanna eru verk eftir Graupner, Bach, Jón Leifs og Mozart. Chalumeaux-tríóid er skipað klarinettuleikurum Kjartani Óskarssyni, Óskari Ingólfssyni og Sigurði Ingva Snorrassyni. Þeir félagar hafa leikið saman á klarinettur í fjölmörg ár, en það var ekki fyrr en á síðasta ári að þeir gáfu tríóinu nafnið Chalumeaux, en það hljóðfæri var forveri klarinettunnar.

Í fréttatilkynningu segir að tónleikarnir séu styrktir af Félaga íslenskra tónlistarmanna og aðgangur sé ókeypis.

## Myndlist



Hraunhvörf

### Ísafjörður

SÝNING verður opnuð á verkum Halldórs Ásgeirssonar í Slúnkaríki á Ísafirði laugardaginn 14. nóvember. Á sýningunni eru myndverk gerð úr bræddu hraungrýti.

Í fréttatilkynningu segir: „Þetta eru litlar furðumyndir sem festar eru beint á veggina og eru bræddar úr hraunsteinum sem hangir úr loftinu í miðjum salnum.“

„Hraunhvörf“ kallar Halldór þessa aðferð er hann hitar hraunið upp að bræðslumarki og það umbreytist í svartan glerung, ekki ósvipaðan hrafnatinnu.

Einnig eru til sýnis tvær bækur eftir listamanninn, gerðar með bleki og vatnslitum. Sýningin stendur til 6. desember og er opin frá kl. 16–18, fimmtudaga til sunnudaga.

### Gallerí Sævars Karls

Sýning á verkum Elnar Magnúsdóttur, myndlistakonu, verður opnuð í Gallerí Sævars Karls, Bankastræti 9, föstudaginn 13. nóvember kl. 16.00. Sýningin verður opin til 4. desember. Þema sýningarinnar er „Rómantik og erótískir straumar milli okkar manna“.

Eln er fædd 9. febrúar 1956. Hún stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands í tvö ár. Hún var við nám einn vetur við listaakademíuna AKI í Enschede í Hollandi og útskrifaðist með diploma í frjálsum málun frá Gerrit Rietveld-Akademíunni í Amsterdam vorið '87. Eln hefur unnið héraðslist- og frjálsum list-sköpun síðan.



Eln Magnúsdóttir myndlistakona.



Margrét Bóasdóttir og Chalumeaux-tríóid.


Í fréttatilkynningu segir að Eln eigi sjö einkasýningar að baki. Þær helstu eru tvær sýningar í Gallerí List, sýning í Gallery Witte Veen í Amsterdam og sýning í Menntamálaráðuneytinu í sumar.

### Perlan

LJÓSMYNDASÝNING frá Venezuela verður opin í Perlunni í Reykjavík frá kl. 16 sunnudaginn 15. nóvember til kl. 16 laugardaginn 21. nóvember 1992.

Heiti sýningarinnar er Venezuela, töfrandi land, en sýning þessi hefur farið milli margra borga í heiminum, og var síðast á Ítalíu, Spáni og í Bandaríkjunum. Fyrirtækið Corpoven hefur gert þessa sýningu mögulega, en það er dótturfyrirtæki olíufélagsins „Petroleos de Venezuela“. Sýningunni fylgir myndband sem gefur frekari innsýn í tilgang sýningarinnar.

Í fréttatilkynningu segir m.a.: „Hinn þekkti ljósmyndari Roberto Calantoni var ráðinn af Corpoven til að hanna þessa ljósmyndasýningu þar sem koma fram menningararfleifið og athyglisverðustu þættir úr náttúru Venezuela, sem þegar hafa hrifið fjölda ferðamanna víðsvegar úr heiminum. Hinn villta fegurð fjalla og fjóta; heillandi fjallatoppar og jöklar Andesfjallanna, sem hægt er að nálgast með hæstu kapallyftu í heimi; Englafossarnir sem eru hæstu fossar í heimi; hin duldarfulli Guacharo-hellir; stórkostlegar baðstrendur Karabískra hafsins; hin sérstæða Margarita-eyja; og Rouseskaginn, allt þetta er í minningum ferðamannsins, ásamt sérkennum íbúanna, menningu þeirra og hátta.“



Steinvör Bjarnadóttir við eitt verka sinna.

### Lóuhreiður

STEINVÖR Bjarnadóttir heldur myndlistarsýningu í kaffihúsinu Lóuhreiðri á Laugavegi 59, 2. hæð.

Steinvör hefur sótt myndlistarnámskeið hjá Rínu Gísladóttur og hefur t.d. haft sýningu í Prastalundi.


Sýningin stendur yfir frá 14. nóvember til 11. desember og er opin alla virka daga frá kl. 9–18, nema laugardaga kl. 10–16.

### Listasafn Sigurjóns til sýnis

UM SÍDUSTU helgi var opnuð sýning í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar á 30 verkum eftir Sigurjón. Sýningin spannar tímabilið 1934 til 1982 og í efri sal safnsins eru valdar myndir frá síðustu æviárum Sigurjóns en þá vann listamaðurinn nær eingöngu í tré.

Í vetur verður safnið opið um helgar milli kl. 14 og 17 og er kaffistofan opin á sama tíma. Tekið er á móti hópum utan opnunartímans eftir samkomulagi.

(Fréttatilkynning)



Eitt verka Thors Barðdal.

### Kjarvalsstaðir

Höggmyndasýning Thors Barðdal á Kjarvalsstöðum lýkur um helgina. Þetta eru marmara- og granitverk sem flest eru unnin í Portúgal á þessu ári. Þetta er fjórða einkasýning listamannsins. Sýningin er opin til kl. 18.

### Húsavík

MYNDLISTAKONAN Aðalbjörg Jónsdóttir frá Geststöðum á Ströndum, nú búsett í Reykjavík, opnaði fjölbreytta sýningu á listaverkum sínum í síðustu viku í Safnhúsinu á Húsavík og var gerður góður rómur af.

Á sýningunni eru 50 listaverk máluð í vatnslitum, pastel og olíu og myndefnið hið fjölbreyttasta. Einnig sýnir listakonan nælur og kort sem hún hefur gert og myndir af handþrjónum kjólum úr íslenski ull sem hún hefur sýnt í Reykjavík og hafa þeir af þjóðþekktum listgagnrýnendum hlotið hina bestu dóma.

Aðalbjörg hefur sýnt list sína á Kjarvalsstöðum og haft einkasýningar víða um land nú á síðustu árum.

— Fréttaritari.

### Fold

KYNNING verður á verkum Hafðisar Ólafsdóttur myndlistarkonu í Fold listmunasölu, Austurstræti 3, dagana 14.–22. nóvember.

Hafðis er fædd 1956. Hún stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1975–1981 og lauk prófi úr kennara- og graffikeild. Undanfarin ár hefur hún kennt við skólann. Hafðis hefur haldið einkasýningar, meðal annars í Norræna húsinu og tekið þátt í fjölda samsýninga innanlands og utan. Í fréttatilkynningu segir að myndir eftir hana séu meðal annars í opinberri eigu hér á landi og erlendis.

Opið er í Fold frá kl. 11–18 alla daga nema sunnudaga, meðan á kynningu stendur. Allar myndirnar eru til sölu.

### FÍM-salur – Norræna húsið

SÝNINGUM Guðrúnar Kristjánsdóttur í FÍM-sal og Norræna húsinu lýkur sunnudaginn 15. nóvember.

Í FÍM-salnum eru litlar landslagsmyndir, kliptar saman úr handgerðum pappír, og ein lágmynd. Í Norræna húsinu eru stór olíumálverk og lágmyndir, gerðar úr ryðfrú stáli. Öll verkin eru unnin á árunum 1991–1992.

Opið er í FÍM-salnum kl. 14–18, en í Norræna húsinu kl. 14–19, alla daga.

# Blátt áfram og af guðhræðslu

## Ensk kirkjutónlist fjögurra alda á tónleikum Mótettukórs Hallgrímskirkju á sunnudag

Tónleikar Mótettukórs Hallgrímskirkju eru að þessu sinni helgaðir enskri kirkjutónlist og spannar efnisskráin tónlist fjögurra alda, frá Robert Whyte (d. 1574) til Williams H. Harris (d. 1973), en alls verða flutt verk eftir 10 helstu kirkjutónskáld Englendinga í gegnum tíðina. Stjórnandi kórsins á þessum tónleikum er Bernharður Wilkinson, sem hefur enska kirkju- og kórtónlist nánast í blóðinu, en hann er fæddur og uppalinn í Englandi, sonur þekktis kórstjórnanda og söng sjálfur með drengjakór Westminster Abbey-dómkirkjunnar á æskuárum.

Bernharður hefur verið búsettur á Íslandi frá 1975 og starfar sem þverflautuleikari við Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hann kennir einnig þverflautuleik við Tónlistarskólann í Reykjavík en hefur auk þess fengið nokkuð við hljómsveitarstjórna, stjórnað m.a. Sinfóníuhljómsveit Íslands og Æskuhljómsveit höfuðborga Norðurlanda 1991. Þá er Bernharður einn af félögum í Blásarakvintett Reykjavíkur sem gert hefur garðinn frægan á undanföllum misserum.

Bernharður stjórnar Mótettukórnum að þessu sinni í fjarveru stofnanda kórsins og stjórnanda frá upphafi, Harðar Áskelssonar, sem undanfarna mánuði hefur haft nóg að starfa við uppsetningu hins mikla orgels sem komið er í kirkjuna.

### Kórdrengur í Westminster

„Þegar ég var sjö ára fékk ég inngöngu í drengjakór Westminster Abbey og fór þá á heimavistar skóla sem rekinn var í tengslum við kirkjuna og kórinn. Skólavistin var

ókeypis en á móti var kórstarfið mjög tímafrekt,“ segir Bernharður um fyrstu kynni sín af kirkjutónlist. — Þú hefur þú hreinlega unnið fyrir náminu með söngnum sjö ára gamall?

„Já, það má kannski segja það. Við þurfum að syngja alla daga nema miðvikudaga, og tvisvar, stundum þrisvar, á sunnudögum. En þetta var mjög skemmtilegur tími, ég fékk góða kennslu í söng, tónfræði og píanóleik, auk almennrar kennslu og lauk þarna barnaskóla-prófi 12 ára gamall. Þá hætti ég í kórnum og fór í annan skóla. Enda röðin farin að breytast,“ segir hann og brosir.

Kórsöngur og bresk kirkjutónlist hefur þannig verið fylgifyrsta Bernharðs frá blautu barnsbeini, því faðir hans er mikilvirkur kórstjóri í Englandi og stjórnadi um árabil Kór breska útvarpsins, BBC, ásamt því að stjórna dagskrágerð um tónlist. „Það má segja að kórsöngur í kirkjum hafi risið upp úr 150–200 ára lægð í lok síðustu aldar. Þó ótrú-

## Frá Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar

# Þekktur píanóleikari frá Venezuela með tónleika

ELENA Riu píanóleikari frá Venezuela verður með tónleika í Hafnarborg sunnudaginn 15. nóvember kl. 17.00. Sendiráð Venezuela á Íslandi, Hafnarborg og Menningarstofnun Venezuela (CONAC) standa að tónleikumunum, sem eru haldnir í tilefni af útnefningu fyrsta ræðismanns Venezuela á Íslandi.

Í fréttatilkynningu segir að Elena Riu sé talin einna fjölhæfust yngri píanóleikara í Suður-Ameríku. Hún er af spænskum og ítölskum ættum, en fluttist til Lundúna til náms eftir að hafa hlotið ríkisstyrk frá Venezuela. Hún nam fyrst hjá Niel Immelman, en varð síðar nemandi Joseph Weingarten við Trinity-tónlistarskólann. Þar vann hún til fjölda verðlauna og hefur síðan haldið tónleika víða um Suður-Ameríku, á Spáni, í Frakklandi og Englandi.

Hún hefur hlotið lof fyrir leik sinn,

## Kjósarmenn endurútgafnir

Kiðafelli. EFTIR að starfsemi Áththagafélags Kjósverja hætti starfsemi sinni afhenti það Kjósarhreppi útgáfuréttinn af Kjósarmönnum sem er bók með ábúendatali í Kjósinni frá 16. öld fram að miðri 20. öld. Bókin er löngu uppseld.

Nú er í ráði endurútgáfa á bókinni með viðbót til okkar daga. Mik-ið hefur verið spurt eftir henni og er hún talið með betri ábúendatölum sem út hafa verið gefin en það var Haraldur Pétursson sem tók hana saman fyrir Áththagafélag Kjósverja í kringum 1950.

- Hjalti.



Elena Riu píanóleikari.

meðal annars frá Vlado Perlemuter, Imogen Cooper og Bernard Keefe. Á árunum 1991–92 kom hún víða fram, meðal annars í útvarpi í Frakklandi, í útvarpi og sjónvarpi í Venezuela og víðar í Suður-Ameríku. Ennfremur í Ripley Arts Centre, í Bolívar Hall, Barbican Centre, í Salle Unesco í París og í Madrid.

Á þessu ári hefur hún þegar leikið á fjölda tónleika, síðast í Kantaraborg með Simon Bolívar sinfóníuhljómsveitinni.

Á efnisskrá tónleikanna í Hafnarborg verða verk eftir suður-amerísk og spænsk tónskáld. Elena Riu mun flytja meðal annars verk eftir Scarlatti, Alveniz, Granados, Moleiro, Frederic Nompou og Diana Arismendi frá Venezuela. Hún telur að um frumflutning sé að ræða á verkum þeirra tveggja síðastnefndu.